

UMHVERFIS
STOFNUN

Silungur - eldisstöð ehf.
Kársnesbraut 90
200 Kópavogur

Reykjavík, 26. október 2020
UST202009-252/H.R.A.
08.12.02

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 8. október sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Silung eldisstöð ehf, áður Wolfgang Pomorin vegna fráviks er skráð voru í eftirliti hjá eldisstöð rekstraraðila í Laxalóni þann 17. maí 2019 Frestur var veittur til 22. október sl. til að skila inn staðfestingu á úrbótum eða tímasettri úrbótaáætlun.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. grein reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.** Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf gilt starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun eða viðkomandi heilbrigðisnefnd. Rekstur í stöðinni er án starfsleyfis. Umsókn um starfsleyfi var lögð fram 20. janúar 2018 en engin gögn fylgdu framlagðri umsókn. Rekstraraðila var kunnert með bréfi frá stofnuninni dags. 25. febrúar 2019 að framlögð umsókn um starfsleyfi yrði ekki tekin til efnislegrar meðferðar fyrr en öll gögn yrðu send inn og reikningur greiddur. Rekstraraðila var minntur á það í bréfi frá Umhverfisstofnun frá 9. júlí 2018 að rekstraraðili yrði að sækja um starfsleyfi hjá stofnuninni, með fullnægjandi hætti, fyrir 9. ágúst 2018 hefði hann hug á að halda starfsemi sinni áfram. Hefur rekstraraðili síðan þá ítrekað fengið leiðbeiningar og áminningar um að umsókn um starfsleyfi hafi ekki verið lögð fram með fullnægjandi hætti, nú síðast með tölvupósti frá stofnuninni hinn 19. ágúst sl. **Enn hafa stofnuninni ekki borist öll þau gögn til að umsóknin um starfsleyfi geti talist fullnægjandi. Leiðbeiningar hafa verið veittar og ítrekað hefur verið kallað eftir gögnum.**
- Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.** Rekstraraðili skal halda skráningar um losun efna út í umhverfið og afstöðumynd og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar. Bæta þarf skráningar á magni og meðhöndlun dauðfisks og vatnsnotkun. Ekki hefur verið fylgst með losun köfnunarefnis eða fosfórs, neyðaráætlun þarfnast uppfærslu og afstöðumynd af stöðinni er ekki til staðar. **Skv. upplýsingum frá rekstraraðila frá því í maí 2019 var unnið að betri skráningum vegna affalla. Bættar skráningar verða teknar út í næsta eftirliti. Áætlun á losun fosfórs og köfnunarefnis frá fóðurnotkun losun barst 30. september 2019. Eftirlitsaðili mun fara betur yfir áætlun losunar út frá fóðurnotkun í næsta eftirliti. Uppfærð**

neyðaráætlun v. rekstrar-stöðvunar hefur ekki borist. Afstöðumynd barst 4. júlí 2019. Frávikinun er lokað og skilum fullnægjandi neyðaráætlunar vegna rekstrar-stöðvunar verður fylgt eftir á grundvelli frávíks 1 er varðar rekstur án starfsleyfis og gögnum sem þarf að skila til að umsókn um starfsleyfi geti talist fullnægjandi.

3. **18. gr. laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.** Rekstraraðili skal útbúa áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda. Skv. rekstraraðila er unnið að gerð áhættumats og viðbragðsáætlunar. **Áhættumat barst 10. október 2019. Gögnin eru ekki fullnægjandi en frávikinun er lokað og skilum fullnægjandi áhættumats og viðbragðsáætlunar verður fylgt eftir á grundvelli frávíks 1 er varðar rekstur án starfsleyfis og gögnum sem þarf að skila til að umsókn um starfsleyfi geti talist fullnægjandi.**

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávíka til 22. október sl. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 9. nóvember nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 26.400 kr.**

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Helgu Rut Arnarsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á helga.arnarsdottir@ust.is. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis